

✉ Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Garðs

Búið til	25.8.2021 16:46:31
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.8.2021 16:43:21
Tilheyrir	📁 202108-0002 - Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030 - Lýsing

Efni

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Garðs

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.8.2021 16:43:21	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	jonben@sudurnesjabaer.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202108-0002 (SS).

Vísað er í bréf frá skipulagsfulltrúa Suðurnesjabæjar dags. 5. ágúst 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2020.

Tilfni skipulagsbreytingarinnar er deiliskipulagsgerð á Garðskaga fyrir skilgreint afþreyingar- og ferðamannasvæði og sér í lagi stækkun á því svæði til suðurs. Á stækkuninni er ætlað að koma fyrir heilsulind og aðstöðu henni tengdri.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda aðalskipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Fjörurnar sunnan við Garðskaga eru þekktar fyrir fjölbreytt lífríki og verndargildi þeirra er mjög hátt. Svæðið er undir hverfisvernd í aðalskipulagi sem og á gildandi náttúruminjaskrá en einnig er það meðal þeirra svæða sem Náttúrufræðistofnun Íslands tilnefndi árið 2018 fyrir tillögu að verndarsvæði á B-hluta náttúruminjaskrá sem er núna til skoðunar hjá Umhverfisstofnun. Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fjölbreytt fuglalífs en það er hluti af mikilvægu fuglasvæði. Sjá staðreyndarsíðu um Kalmanstjörn-Garðskaga <https://www.ni.is/greinar/su-kalmanstjorn-gardskagi> (<https://www.ni.is/greinar/su-kalmanstjorn-gardskagi>). Pangfjörur með leirublettum eru einkennandi fyrir svæðið sunnan Garðskaga og þar er

umtalsvert útfiri. Fuglalíf er mjög auðugt og svæðið er mikilvægur viðkomustaður farfugla. Garðskagaviti er rómaður fuglaskoðunarstaður því þar má fylgjast með umferð sjófugla inn í Faxaflóa sem og hið auðuga fuglalíf sem heimsækir fjörurnar.

Öll uppbygging á svæðinu getur truflað lífríki svæðisins og forðast skal að raska fjörusvæðunum með einu eða öðru móti. Hingað til hefur ferðaþjónusta á svæðinu verið hófstíllt og ekki falið í sér mikla mannvirkjagerð og hlíft fjörinni við raski að nær öllu leyti. Uppbygging heilsulindar næst fjörinni er stefnubreyting varðandi notkun og eðli svæðisins sem að mati Náttúrufræðistofnunar hæfir svæðinu frekar illa og getur mögulega ógnað náttúru svæðisins. Útfærslur á heilsulindinni eru ekki til staðar í lýsingu að aðalskipulagsbreytingu og telur Náttúrufræðistofnun grundvallaratriði að meiri upplýsingar komi fram, við áframhaldandi vinnu við skipulagsbreytinguna, um stærð og eðli mannvirkja þeirra sem stefnt er að því að reisa, hvernig heitu vatni verður miðlað til og frá svæðinu og hvort og hvernig röskun verður á sjálfri fjörinni. Miðað við mynd 6 sem sýnir „hugmynd að heilsulind“ er um stórt mannvirki að ræða mjög nálægt fjörusvæðinu og einnig er ekki ólíklegt að gert sé ráð fyrir beinu aðgengi ofan í fjöruna.

Ekki kemur fram hvaða umfjöllun verður um umhverfisáhrif heldur er vísað í skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Suðurnesjabæjar. Þar er gert ráð fyrir umfjöllun um áhrif endurskoðunarinnar á vistkerfi á landi og í sjó og náttúruminjar með verndargildi.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image001.png (5 KB)